

Sigurbór situr við vigtina. Hann tók sig til og betrubætti vigtina, þannig að nú mælir hún fimm tonnum meira en framleiðurnir höfðu gert ráð fyrir. „Borðið“ undir sjónvarpi á bak við Sissa vekur athygli, það er annað sjónvarp, „það gamla“, segir Sigurbór. „Ég nota hljóðið úr því og myndina af hinu.“

„Fréttastofan“ var í vigtarskúrnum

Þeginn bjór hjá Sigurbóri Hreggviðssyni hafnarstjóra

Hafið þið talað við hafnarstjórnann, strákar? Farið og talið við Sissa, hann getur sagt ykkur allt sem ykkur fýsir að vita og meira til. Þið finnið hann á fréttastofunni.

Þeir voru ófáir Eskfirðingarnir sem við tókum tali, sem gáfu okkur þetta heilræði. „Bláamenn frá Morgunblaðinu að leita fréttu. Þeir verða að tala við Sissa.“ Þetta var fyrsta hugsunin hjá mörgum. Auðvitað heilsuðum við upp á Sissa, eða Sigurbór Hreggviðsson, eins og hann heitir fullu nafni. Og fréttastofan, hún reyndist vera í viktarskúrnum, þar sem Sigurbór hefur aðstöðu.

„Ég vikta allt sem vikta þarf, það er eitt af mínum verkum“, sagði Sigurbór gláðhlakalega og bauð okkur velkomna inn í hreiðrið sitt. „Má ekki bjóða ykkur bjór?“

Maður slær aldrei hendinni á móti góðum bjór, og Sigurbór teygði sig undir dývaninn og náði í nokkrar dósir.

— Áttu alltaf bjór á lager, gerumst við svo djarfir að spyrja.

„Oft á ég það. Enda ekkert undarlegt þótt það detti á mann bjór og bjór: það er óhemju mikið af skipum sem fer hér um. Svo ég nefni nýlegt dæmi, eitt skip á dag að meðaltali frá áramótum.“

— Þú ert kallaður Reuter hér um slóðir Sigurbór, sagður vita meira en aðrir um það sem er að gerast hverju sinni.

„Maður fylgist vel með. Það kemur af sjálfu sér, höfnin er lífæð staðarins og þar er ég meira og minna allan sólarhringinn. Hér er „traffikin“, svo það er von að maður sé fljótur að fá fréttirnar.“

— Allan sólarhringinn, segirðu. Er þetta mikil vinna?

„Já þetta er mikil vinna og ekki bundin við ákveðinn tíma dagsins. Skipin leggjast ekki aðeins við bryggju frá níu til fimm. Annars vinna allir mikið á stóðum eins og

þessum, og þykir ekkert tiltökumál.“

— Er höfnin ykkar góð?

„Hún er ágæt, enda er aðdýpi hér mikið. En það vantar sárlega bryggjuþláss. Ef loðnuskipið Jón Kjartansson liggur einhvers staðar tekur það allan kæjann. Gríðarlega stórt skip. Okkur vantar viðlegukant, ég fer ekki ofan af því.“

Á hákarlaveiðum

Þeir voru á hákarlaveiðum út af Skrud, Ingvar Guðmundsson og Viktor Stefánsson, en höfðu ekki heppnina með sér í þetta skiptið, hákarlinn lét ekki á sér kræla. Túrinn var þó ekki með öllu árangurslaus,



Jón Stefánsson fyrrverandi útgerðarmaður.

þeir renndu færi á stíminu heim og tóku nokkra væna.

„Það er allt morandi af fiski í firðinum, það vantar ekki“, segir bátseigandinn Ingvar og horfði íbyggina á togarabyrpinguna í höfninni. Gott að vera sinn eigin herra þegar verkföll lama atvinnulífið, mátti lesa úr svip hans.

MANNLÍF Á ESKIFIRÐI

Tignarlegt fjall Hólmatindur. Hátt og mikið brosir það yfir Reyðarfjörðinn til skjólstaðinga sinna, heilsar þeim að morgni og býður góða nótt að kvöldi, traust og vinalegt, eins og það vildi segja, hér er ég hið mikla fjall, ykkar einkavinur í gleði og sorg. Engin furða þótt Eskfirðingum þyki vænt um fjallið sitt. Það er eins og skapað fyrir þá.

„Við þurfum ekki málverk á austurveggina, bara nógu stóra glugga“, segir stórútgærðarmaðurinn Aðalsteinn Jónsson og forstjóri Hraðfrystihúss Eskifjarðar. „Hvergi líður mér eins vel og hér við stofugluggann: togararnir að koma inn eftir vel heppnaðan túr, atvinnulífið við höfnina í fullum gangi, og Hólmatindur í baksýn“, segir Aðalsteinn, en bætir því við að fjallið njóti sín nú ekki alltaf jafn vel og þennan heiðskíra vetrardag sem við Árni Sæberg ljósmyndari vorum þarna á ferð í miðju sjómannaferðinni. „Þið er-

uð heppnir að vera á ferðinni núna strákar“, segir hann, „það hefur ekkert verið hægt að bræða undanfarið og það færi víst lítið fyrir útsýninu ef bræðslan væri í gangi í þessari stillu.“

— Ekkert brætt?


„Nei, ekkert brætt. Það er allt baneitrað í þrónni. Menn áttu von á því að fá ferska loðnu í bræðslu, svo þessi sem til er, var eitruð til tveggja mánaða. En svo kom verkfallið.“

Eins og að líkum lætur snýst atvinnulífið á Eskifirði fyrst og fremst um blessaðan fiskinn. Þeir sem ekki stunda sjóinn vinna þá við fiskverkun ýmiss konar, í frystihúsinu, við saltfiskverkun, síldarsóltun eða loðnubræðslu, í netaverkstæðinu, vélaverkstæðinu og guð veit hvað. Það er alltaf nóg að gera.

„Sjávarpláss er sjávarpláss, svo þið skuluð ekki vera hissa á því þótt hér sé ekkert nema slor“, sagði einn viðmælenda okkar.

Annar var ekki alveg á sama máli, og benti á að þótt fiskurinn væri vissulega undirstaða atvinnulífsins, þá vantaði andskotann ekkert nema bjórkra til að Eskifjörður stæðist samanburð við menninguna á höfuðborgarsvæðinu.

Nokkuð til í því. Tómtunda- og félagslíf stendur með miklum blóma á Eskifirði. Krakkarnir hafa sína æskulýðsmiðstöð í gamla skólanum, í félagsheimilinu eru reglulega biósýningar, þóll, fundir og bridgespilamennska, svo nokkuð sé nefnt. Golfvöllur er í grendinni og góð skíðalönd, og hestamennska er mikið stunduð. Þjónustan er líka með ágætum, þarna eru verkstæði og verslanir af ýmsu tagi, m.a. bókabúð og tiskuverslun, hótél, tvær myndbandaleigur, og síðast en ekki síst er rás tvö farin að heyrast á þessum slóðum, yngri kynslóðinni til mikillar ánægju. Það er ekki hægt að segja að þetta rösklega 1100 manna samfélag sé þjakað af deyfð og menningarleysi.



Sumum mönnum fellur aldrei verk úr hendi, og þeir Arnar og Viktor létu ekki nærveru ljósmýndarans trufla sig við iðju sína, að hnýta hankabönd. Á veggnum er mynd af Vigdísi Finnbogadóttur forseta.



Viktor, Ingvar og Arnar á bryggjunni framan við beitarakúrinn.

„Mikið helv. er þetta góður stútungur sem þið hafið fengið“, segir Jón, „eða eruð þið kannski með þann stærsta ofaná?“